

Nd.

542. Nefndarálit

[4. mál]

um frv. til laga um umboðsnefnd Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd Nd. sendi frumvarpið til umsagnar forseta Alþingis. Umsögn þeirra er svo hljóðandi:

„Allsherjarnefnd Nd. hefur sent forsetum Alþingis til umsagnar frv. Benedikts Gröndal á þskj. 4 um umboðsnefnd Alþingis.

Frumvörp um umboðsmann Alþingis hafa nokkrum sinnum verið flutt, bæði sem þingmannafrumvörp og stjórnarfrumvarp.

Stjórnarfrumvarp um málið var flutt á þinginu 1974—75, en varð ekki útrætt. Það frumvarp mun nú vera í athugun í nefnd, sem falið var að endurskoða það.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, felur í sér aðra lausn á sama máli. Eðlilegast virðist, að ákvæði þess komi til athugunar hjá nefnd þeirri, sem áður er nefnd.

Er því lagt til, að frv. þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar í því skyni að hún sendi það til umræddrar nefndar.

Ásgeir Bjarnason. Þorv. Garðar Kristjánsson. Ragnhildur Helgadóttir.“

Með tilvísun til þessarar umsagnar leggur allsherjarnefnd til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Svava Jakobsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1977.

Ellert B. Schram,  
form., frsm.

Gunnlaugur Finnsson,  
fundaskr.

Páll Pétursson.

Ingólfur Jónsson.

Sighvatur Björgvinsson.

Friðjón Þórðarson.